



Fundargerð

329. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Skólavegi 1

10. janúar 2020, kl. 08:15

Viðstaddir: Valgerður Björk Pálsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Andri Örn Víðisson, Íris Ósk Kristjánsdóttir.

Bryndís Björg Guðmundsdóttir fulltrúi skólustjóra grunnskóla, Silja Konráðsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Anita Engley Guðbergisdóttir fulltrúi FFGÍR, Hanna Málmfríður Harðardóttir fulltrúi leikskólustjóra, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Hanna María Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra leikskólakennara.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Starfsemi Tónlistarskóla Reykjaneshæjar (2020010069)

Haraldur Árni Haraldsson, skólustjóri Tónlistarskóla Reykjaneshæjar, mætti á fundinn og kynnti starfsemi skólans á yfirstandandi skólaári.

Í haust hófu 411 nemendur nám við tónlistarskólann fyrir utan forskólanemendur og er skólinn orðinn stærsti tónlistarskóli landsins. Skólinn heldur upp á 20 ára afmæli á skólaárinu og er metnaðarfull dagskrá hjá skólanum í tilefni af því. Einnig mun skólinn halda landsmót Samtaka íslenskra skólalúðrasveita fyrir yngri lúðrasveitir í apríl þar sem gert er ráð fyrir um 750 þátttakendum.

Fræðsluráð þakkar góða kynningu. Skólinn hefur óskað eftir stuðningi við landsmótið sem haldið verður í vor og hvetur fræðsluráð til þess að sveitarfélagið styðji þann viðburð auk þess að styðja áfram vel við starfsemi tónlistarskólans.

2. Endurskoðun menntastefnu Reykjaneshæjar (2020010070)

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðsluviðs, skýrði frá undirbúningi fyrir endurskoðun menntastefnu Reykjaneshæjar. Menntastefnan mun m.a. taka mið af nýrri stefnu Reykjaneshæjar og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðsluviðs að hefja vinnu við endurskoðun menntastefnu Reykjaneshæjar.

3. Leikskólavist fyrir börn yngri en 24 mánaða (2019120045)

a. Erindisbréf fyrir faghóp

10R BPT
AeV VIB



Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi lagði fram erindisbréf fyrir faghóp vegna ungbarnaleikskóla eða ungbarnadeilda á leikskólum í Reykjanesbæ.

Fræðsluráð samþykkir erindisbréfið og óskar eftir að greinargerð faghópsins liggi fyrir á fundi ráðsins í apríl.

b. Erindi vegna ungbarnaskóla

Brynja Aðalbergisdóttir, leikskólastjóri og Halldóra Magnúsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri lýsa yfir áhuga á að opna og starfa við ungbarnaleikskóla í Reykjanesbæ.

Lagt fram.

4. Breytingar á skóladagatali Akurskóla 2019 – 2020 (2019120234)

Erindi frá Sigurbjörgu Róbertsdóttur, skólastjóra Akurskóla, þar sem óskað er eftir að fræðsluráð samþykki breytingar á skóladagatali skólans, sem felast í því að starfsdagar sem voru 21. janúar og 20. maí hafa verið færðir til 29. og 30. apríl.

Fræðsluráð samþykkir breytingarnar.

5. Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjanesbæjar - fyrirspurn (2020010073)

Fyrirspurn frá kennara í Reykjanesbæ um reglur og stefnu sveitarfélagsins um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi.

Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðsluviðs að svara fyrirspurninni og birta umræddar reglur á heimasíðu Reykjanesbæjar.

6. Samþætting skólastarfs og íþróttá / tómskúla (2020010077)

Í skoðun er að hefja vinnu við samþættingu skólastarfs og íþróttá- og tómskúlastarfs í Reykjanesbæ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.

Valgerður Björk Pálsdóttir
Johanna Björk Sigurbjörnsdóttir
Hrus Ólafur Krustþórnsson
Þjánni Páll Gunnarsson
Aki Te L